

Reykjavík, 4. desember 2018.

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis hefur fyrir hönd velferðarnefndar Alþingis leitað umsagnar landssamtakanna Geðhjálp um tillögu til þingsályktunar um sálfræðisþjónustu í fangelsum, þingskjal 137 – 137. mál.

Geðhjálp og Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða svokölluð CPT-nefnd (European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment) hafa ítrekað bent á að föngum sé ekki veitt lögbundin geðheilbrigðisþjónusta í fangelsum hér á landi.

Geðhjálp hefur bent á að fangar á Litla-Hrauni hafi ekki aðgang að geðlækni og þurfi að bíða í nokkrar vikur eftir viðtali við sálfræðing. Fjórum sálfræðingum á vegum Fangelsismálastofnunar er ætlað að sinna samtals 1.039 skjólstæðingum stofnunar ásamt aðstandendum, sjá meðfylgjandi yfirlit. Með hliðsjón af því að á bilinu 50 til 75% afplánunarfanga eiga við geðrænan vanda að stríða er ljóst að naumur tími gefst til að sinna hverjum og einum.

Landssamtökin Geðhjálp skora á Alþingi að tryggja lögbundna geðheilbrigðisþjónustu við fanga með auknu fjármagni til Fangelsismálastofnunar vegna þessa málaflokks. Fangelsismálastofnun er best til þess fallinn að ákvarða hvernig fénu verði varið, m.a. með hliðsjón af fjölda fanga í hverju fangelsi. Með sama hætti leggja samtökin áherslu á að fangar eigi eins og aðrir þegnar íslenska ríkisins rétt á viðeigandi meðferð á Landspítala Háskólasjúkrahúsi eigi þeir við alvarleg andleg veikindi að stríða.


Síðast en ekki síst leggur Geðhjálp áherslu á að föngum standi til boða nauðsynlegur stuðningur til að aðlagast samfélaginu á nýjan leik að lokinni afplánun.

Virðingarfyllt,

Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálp.



Skjólstaðingar Fangelsismálastofnunar (1.039)



- Til boðunar
- Fangar í fangelsi
- Fangar utan fangelsa
- Í samfélagsþjónustu
- Á RL með sérskilyrðum
- Á RL með alm. skilyrðum
- Með skilðum mæðingum



FANGELSMÁLASTOFNUN BÍKSINS
Prison and Probation Administration